



Knattspyrnufélagið Haukar

Hafnarfjarðarbær,
Strandgötu 4-6,
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 17. maí 2013

Skólagarður, staðfesting á heimild til landnotkunar.

Með vísan til óska Hafnarfjarðarbæjar um að fá heimild til að staðsetja og skipuleggja svæði fyrir skólagarð á Völlum er neðangreint staðfest:

Knattspyrnufélagið Haukar heimilar Hafnarfjarðarbæ að staðsetja skólagarð á landi félagsins að Ásvöllum. Við skipulagningu skólagarðsins skal hafa fullt samráð fyrir forsvarsmenn Knattspyrnufélagsins Hauka hvað varðar staðsetningu, stærð lands og annað það er lýtur að gerð hans. Knattspyrnufélagið Haukar leggur ríka áherslu á að gengið verði af snyrtimennsku um svæðið og að umgjörð öll verði Knattspyrnufélaginu og Hafnarfjarðarbæ til sóma.

Gerð skólagarðs er alfarið á kostnað Hafnarfjarðarbæjar, hvort heldur er við gerð garðsins eða kostnaður við lokun og frágang, ef og þegar til þess kemur.

Um tímabundna landnotkun er að ræða.

Knattspyrnufélagið Haukar fagnar því að geta lagt lóð á vogarskálar við eflingu fjölþættrar starfsemi á svæði félagsins á Ásvöllum, en þar er starfrækt stærsta félags- og íþróttamiðstöð í Suðurbæ Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllt,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka,

Magnús Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri.